

**594. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 13.
október 2022 og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ólafsson varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður,
Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Hrafnhildur Hrönn
Óðinsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Smári
Karlsson, verkefnastjóri og Guðmundur Rafn Kristjánsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

**1. Fjarðargata 42, Þingeyri. Umsókn um breytingu á aðalskipulagi -
2022090091**

Lagður fram uppdráttur og greinargerð af óverulegri breytingu á Aðalskipulagi
Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Erindi Ketils Bergs Magnússonar, f.h. Á sjó og landi
ehf., þar sem óskað var eftir heimild til óverulegrar aðalskipulagsbreytingar var
tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 15. ágúst 2022. Í
sumarleyfi bæjarstjórnar heimilaði bæjarráð á fundi 22. ágúst að hefja
málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Skipulagsbreytingin snýr að textabreytingu þar sem svæði á A3 á Þingeyri breytist
úr athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði með svigrúm til reksturs gististaða
og veitingasölu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu að
óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.*

2. Fífutunga 4, Ísafirði. Umsókn um byggingarlóð - 2022090105

Lögð fram umsókn frá Þórði J. Guðbrandssyni f.h. 1989 ehf. frá 13. september
2022, þar sem er sótt um byggingalóðina Fífutungu 4 á Ísafirði. Jafnfram er lagt
fram mæliblað tæknideildar frá 14. mars 2022.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að 1989. ehf. fái lóðina
við Fífutungu 4, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar
kunna að verða.*

*Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá
úthlutun.*

3. Rannsóknaleyfi vegna jarðhita í Tungudal - 2022100017

Lagt fram erindi frá Maríu Guðmundsdóttur, f.h. Orkustofnunar, dagsett 3.

október 2022, þar sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar Orkubús Vestfjarða um rannsóknarleyfi vegna jarðhitaleitar í Tungudal í Skutulsfirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd fagnar áformum um jarðhitaleit í Skutulsfirði. Nefndin felur starfsmanni nefndar að ræða við framkvæmdaaðila um nánari útfærslu á borplönnum og hvernig frágangi verður háttáð að borunum loknum.

4. Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072

Lögð fram niðurstaða Skipulagsstofnunar dags. 22. september 2022, á matsáætlun Hábrúnar ehf. vegna fyrirhugaðrar framleiðslu á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 1.08 í 1. viðauka laganna.

Lagt fram til kynningar.

5. Langeyri í Súðavíkurhreppi, breyting á deiliskipulagi - 2022100024

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Langeyrar við Súðavík, á uppdrætti dags. 7. mars 2022 ásamt greinargerð og umhverfismatsskýrslu, unnin af Verkís ehf. fyrir Súðavíkurhrepp.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi Langeyrar í Súðavík.

6. Fjarðarstræti 20. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar - 2022020084

Lagður fram uppdráttur KOA arkitekta ehf. af deiliskipulagsbreytingu á reit 15 í deiliskipulagi eyrarinnar á Ísafirði. Bæjarstjórn heimilaði málsmeðferð vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi á fundi sínum þann 3. mars 2022.

Með deiliskipulagsbreytingunni er lóðin Fjarðarstræti 20 stækkuð, en þar er fyrirhuguð bygging nemendagarða Háskólaþingsins. Aðrir skilmálar í skipulagi haldast óbreyttir.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að staðfesta tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi eyrarinnar á Ísafirði í samræmi við 2. mgr. 43. gr. laga 123/2010

7. Dynjandisheiði - Breyting á aðalskipulagi vegna veglagningar - 2021030106

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Breytingin snýr að vegagerð á Dynjandisheiði. Lagður er fram uppfærður uppdráttur og greinargerð eftir að athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að uppfærður uppdráttur verði auglýstur skv. 31. gr. skipulagslaga 123/2010.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10

Guðmundur Ólafsson

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Smári Karlsson

Guðmundur Rafn Kristjánsson